



Áfangalýsing ML

Titill:	Orðaforði, málfræði og ritun
Námsgrein:	Enska
Viðfangsefni:	Orðaforði, málfræði og ritun á enskri tungu
Skammstöfun:	ENSK2OM05
Prep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	<p>Markmið áfangans er að nemendur auki við og æfi frekar þá málfræðiþekkingu sem þeir öðluðust í grunnskóla, ásamt ríkri áherslu sem lögð er á aukinn orðaforða. Nemendur kynnast menningu og málfari mismunandi enskumælandi svæða. Margvíslegar greinar og bókmenntir tengdar þessum menningarsvæðum eru teknar fyrir til lestrar og umræðu. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum; hvort sem er í einstaklings- eða hópavinnu. Unnið er með samskiptafærni í ræðu og riti, þar sem nemendur beita tungumálinu fyrir sig á skipulegan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist færni í að færa rök fyrir máli sínu og séu færir um að skrifa texta af ýmsum toga.</p>
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• mismunandi viðhorfum og gildum fólks í enskumælandi löndum• Grunnatriðum málfræði enskrar tungu• orðaforða í tengslum við efni áfangans• samspili íslenskrar og enskrar tungu• fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í daglegu lífi
Leikniviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• skilja algengustu orðasambönd sem einkenna enskt mál• greina á milli máls frá mismunandi málsvæðum (hreim, mállýskur)• lesa fjölbreytta texta í formi bókmennta, blaðgreina o.s.frv.• rita lipra texta• tjá sig munnlega við mismunandi aðstæður• beita sjálfstæðum vinnubrögðum og mismunandi námstækni



Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• greina á milli menningar á mismunandi enskumælandi landsvæðum• hagnýta sér málfræðiþekkingu sína í ræðu og riti• hagnýta sér orðaforða áfangans í ræðu og riti• skrifa læsilegan texta um fjölbreytt viðfangsefni• nýta sér ýmsa námstækni og beita sjálfstæðum vinnubrögðum• túlka og endursegja fjölbreytta texta
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá